

Leyfileg ást og óleyfileg

Bókarhöfundur: **Gunnar Karlsson.**

Bókarheiti: **Ástarsaga Íslendinga að fornu.**

Gagnrýnandi: **Hannes Hólmsteinn Gissurarson**, prófessor.

Útgáfa: **Mál og menning, Reykjavík, 381 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Bókin er vel úr garði gerð, í þægilegu broti og með yfirgripsmikilli bendiskrá aftast, sem auðveldar mjög notkun hennar. Þetta er mikið verk og höfundur sínum til sóma.“

Fyrstu landnámsmennirnir, þeir Ingólfur Arnarson og Hjörleifur Hróðmarsson, flúðu til Íslands vegna ástarsögu: Þeir höfðu drepð jarlsson, sem lagt hafði eins og Hjörleifur hug á Helgu Arnardóttur, systur Ingólfs. Á þetta bendir Gunnar Karlsson, fyrrverandi prófessor, sem hefur nú skrifað bók um ástir Íslendinga að fornu. Með hugtakinu „ást“ á hann ekki við móðurást, ættjarðarást, náungakærleika eða matarást, heldur við holdlega eða líkamlega ást, jafnt leyfilega sem óleyfilega. Gunnar veltir því fyrir sér í upphafi, hvort ást sé eingöngu menningarlegt hugtak, eins og sumir halda fram (svipað og segja má um ættjarðarástina), eða hvort hún sé sterk eðlishvöt, sem búi innra með manninum. Hallast hann að síðara sjónarmiðinu. Er ég sammála honum um það: Það er engin tilviljun, að kynin laðast hvort að öðru, og þau gera það alls staðar á byggðu bóli. Ástin er sterk eðlishvöt, manninum eiginleg. Ég sakna þess hins vegar, að Gunnar skuli ekki reifa frekar rök í anda Darwins fyrir ást og kynlífi eins og við þekkjum þessi fyrirbæri. Það er til dæmis fróðlegt, hvers vegna æxlun spendýra er ekki einkynja (eða kynlaus) eins og sums staðar í dýraríkinu, heldur tvíkynja. Líklega er það til að minnka áhættuna af erfðagöllum. En hvers vegna er hún þá ekki þríkynja til að minnka þá áhættu enn frekar? Líklega er það vegna þess, að leitarkostnaður yrði þá of hár. Ærið verkefni er að hafa upp á einum aðila til kynmaka og varanlegs sambands.

Úr því að æxlun er tvíkynja, valdist ástin með náttúruvali úr sem eðlishvöt. Karlar og konur, sem elskuðust, fjölguðu sér hraðar en aðrir. Munur girndar og ástar er þó umfram allt, að ástin er varanlegri. Ekki nægir, að kynin æxlist, heldur verður líka að



ala afkvæmin upp, svo að stofninn haldi velli. Hjónabandið, varanlegt samband tveggja einstaklinga, minnkar líka áhættu og dreifir kostnaði. Það er eitt fyrsta dæmið um þá hagkvæmu verkaskiptingu, sem skilur manninn frá mörgum dýrategundum. En þótt ástin sé sterk eðlishvöt og fyrirfinnst hvarvetna, er hins vegar misjafnt frá einu svæði til annars, hvaða ást telst eðlileg eða leyfileg. Þar hafa þeir, sem telja ástina menningarlegt hugtak og því afstætt, sitt hvað til síns máls. Til dæmis gilda á okkar dögum miklu strangari reglur á Vesturlöndum gegn kynferðislegri umgengni við börn og unglinga en áður fyrr, og harðar er tekið á brotum. Hins vegar er ekki amast lengur við ástum fólks af sama kyni og ekki heldur við því kynlífi, sem stundað er utan hjónabands. Eins og Gunnar Karlsson rekur skilmerkilega, var að fornu ekki heldur um að ræða jafningjasamband í ástum ólíkt því sem nú þykir sjálfsagt. Þótt vissulega réðu konur á þjóðveldisöld stundum einhverju um örlög sín, stjórnudu karlar, þegar á hólminn var komið. Gunnar efast um, að ástir hafi verið að marki frjálsari fyrir kristni en eftir. Hitt er annað mál, að samkvæmt kenningu kirkjunnar var eina leyfilega kynlífið og þá um leið eina leyfilega ástin sú, sem átti sér stað innan hjónabands. Hún varð þar einnig að lúta settum reglum. Jafnvel innan hjónabands voru endaðarmsmök og munnmök til dæmis ekki talin leyfileg (og hafa í sumum ríkjum heims verið bönnuð milli hjóna fram á þennan dag). Eina leyfilega kynlífið var það, sem stuðlaði að fjölgun mannkyns, samfarir hjóna í því skyni og í viðurkenndri stellingu. Hjónabandið skyldi vera eina stofnunin, sem hýst gæti ástina og kynlífið.

Bók Gunnars er skrifuð af miklum lærdómi, þótt hann vitni samvisskusamlega til annarra fræðimanna, og rekur hann margar ástarsögur úr íslenskum heimildum. Ein frægustu orð um ást að fornu átti Þórdís Guðmundsdóttir á Möðruvöllum um Sörla Brodd-Helgason frá Hofi í Vopnafirði: „Nú er mikið um sólskin og sunnanvind, og ríður Sörlí í garð.“ Hér heyrir hin skæra rödd rödd ástfanginnar stúlku, sem sjaldan gerist í Íslendinga sögum. Þótt orðalag sé hófstíllt, ber það vott um sterkar tilfinningar. Gunnar varpar hins vegar fram óvæntri skýringu á ófýsi föður Þórdísar, Guðmundar ríka á Möðruvöllum, til að gefa Sörla síðan dóttur sína. Hún er, að Guðmundur hafi sjálfur verið hrifinn af Sörla. Hann hafi sóst eftir samneyti myndarlegra sveina. Þetta er gefið í skyn í *Sörla þatti*: „Það var og síður hans að láta löngum vera með sér göfugra manna sonu, og setti þá svo ágætlega að þeir skyldu engan hlut eiga að iðja annan en vera ávallt í samsæti með honum.“ Í öðrum sögum er einnig ýjað að samkynhneigð Guðmundar. Kona hans og kona annars goða deildu, og sagði kona hins: „Þú værir þú vel gefin ef þar væri einmælt um að bóndi þinn væri vel hugaður eða snjallur.“ Í þessu sambandi er líklegast, að ósnjall merki ragur eða samkynhneigður, enda varð konu Guðmundar illa við. Gunnar Karlsson rekur tvö önnur dæmi um, að Guðmundi ríka hafi verið brugðið um samkynhneigð. Annað er úr *Ölkoфра þatti*. Guðmundur hótaði Brodda Bjarnasyni að meina honum að fara um Ljósavatnsskarð. Mælti þá Broddi: „Allmjög eru þér þá mislagðar hendur, ef þú varðar mér Ljósavatnsskarð svo að ég megi þar eigi fara með förunautum mínum, en þú varðar það eigi hið litla skarðið sem er í milli þjóa þér, svo að ámælislaust sé.“

Kunnustu ástarsögur Íslendinga að fornu eru þó vitaskuld um ástir karla og kvenna. Sérstakur kafli er um ástir Guðrúnar Ósvífursdóttur í bók Gunnars Karlssonar, enda

var hún fjórgift, eggjaði mann sinn til að drepa gamlan vin sinn, Kjartan Ólafsson, og svaraði syni sínum roskin, er hann spurði um menn hennar: „Þeim var ég verst, er ég unni mest.“ Gunnar bendir á hið sama og margir aðrir áður (til dæmis Sigurður Nordal nemendum sínum), að *Laxdæla saga* hefði með réttu átt að heita Guðrúnar saga Ósvífursdóttur. Gunnar tekur einnig undir það með Helgu Kress, að hugsanlega hafi kona skrifað söguna. Ég er þó ekki viss um það: Margir karlar hafa skrifað sögur kvenna af nærfærni, skilningi og samúð, og auðvitað öfugt. Gunnar færir hins vegar góð rök fyrir því, að Guðrún hafi átt við Kjartan, þegar hún mælti hin fleygu orð við son sinn. Í fyrsta lagi unni hún Kjartani bersýnilega mest allra manna samkvæmt *Laxdæla sögu*. Í öðru lagi lét hún beinlínis drepa hann, svo að hún var honum verst. Í þriðja lagi snýst samtal hennar og sonar hennar, þegar grannt er skoðað, ekki aðeins um eiginmenn hennar, heldur menn í lífi hennar. Sonurinn svarar líka, að „alleinarðlega“ sé sagt, en það merkir eflaust, að Guðrún hefur játað, að hún elskaði Kjartan umfram föður hans. Gunnar Karlsson veltir því líka fyrir sér, hvers vegna Guðrún hljóti góð eftirmæli, en Hallgerður Langbrók lakari, þótt báðar séu þær hefnigjarnar, leggi báðar á ráðin um mannvíg og láti báðar hnupla hlutum af öðrum bæjum, sem þótti venjulega mjög lítilmótlegt. Svar hans er, að Guðrún hafi ólíkt Hallgerði ætíð látið stjórna af ást, auk þess sem hún hafi gerst nunna roskin.

Þessi skýring Gunnars Karlssonar ristir ekki nógu djúpt. Hallgerður Langbrók lét líka stjórna af ást. Sá munur á þeim, sem veldur því, að Guðrúnu Ósvífursdóttur fyrirgefst, var þriþættur. Í fyrsta lagi fór Guðrún eftir því lögmáli Íslendinga sagna að missa aldrei stjórn á sér í viðurvist annarra. Hún var kaldhæðin og talaði jafnvel stundum þvert um hug sér. Þess vegna hélt hún virðingu annarra. Hallgerður geisaði hins vegar oft. Sá er munur á skörungi og vargi. Í öðru lagi lét Guðrún hnupla hlutum af því, að hún gat ekki unnt öðrum að njóta þeirra, en ekki af ágirnd eða frekju eins og Hallgerður. Í þriðja lagi var Hallgerður ekki trygg eiginmönnum sínum ólíkt Guðrúnu. Undarlegt samband var í fyrstu með henni ungri og fósra hennar, eins og oft hefur verið minnst á. Á meðan hún var gift Gunnari á Hlíðarenda, er líka gefið í skyn í *Njálu* (41. kafla), að hún hefði átt í sambandi við Sigmund Lambason, sem dvaldist um á Hlíðarenda, bæ þeirra Hallgerðar. Hún hafi þjónað „honum eigi verr en bónda sínum“. Ég er hissa á Gunnari Karlssyni að benda ekki á þessi atriði. Og í ljósi þessarar forsögu verður skiljanlegt, að Gunnar á Hlíðarenda skyldi ekki vilja hverfa af landi brott, eins og samningar höfðu tekist um eftir ýmis mannvíg. Þegar hann á að leggja af stað, verður honum litið upp að bænum að Hlíðarenda, þar sem Hallgerður situr eftir. Hann þolir ekki tilhugsunina um, að aðrir fái að bröla á maga hennar (eins og það er orðað svo smekklega annars staðar í *Njálu*), og snýr aftur. Þegar Gunnar talar um, að hlíðin sé fögur og bleikir akrar, beitir hann svipuðu stílbragði og Þórdís á Möðruvöllum um sól og sunnanvind. Gunnar sneri ekki aftur af ættjarðarást, eins og Jónas Hallgrímsson orti, heldur af ást á konu og hræðslu um hana fyrir öðrum mönnum, afbrýðisemi.

Fyrir áhugamenn um stjórnmál eru mjög fróðlegar lýsingar Gunnars Karlssonar á löggjöf og reglum um ást og kynlíf að fornu, til dæmis um makaval, festar og hjónaskilnaði, og greining hans á leyfilegri og óleyfilegri ást. Gunnar er hófsamur og sanngjarn í

umræðum um kenningar annarra fræðimanna og í eigin ályktunum af heimildum. Bók hans er læsileg, skrifuð í einföldum og heldur flötum stíl. Mér fannst þó sums staðar fullmikill talmálsblær á henni, til dæmis um að eitthvað „sé á hreinu“ og með því að nota óþarfa orðatitti eins og „nefnilega“. Prentvillur rakst ég á fáar, á bls. 191 (Hólmgöngu-Bersa), bls. 215 (mikið) og 236 (Íslendingasögur). Bókin er vel úr garði gerð, í þægilegu broti og með yfirgripsmikilli bendiskrá aftast, sem auðveldar mjög notkun hennar. Þetta er mikið verk og höfundur sínum til sóma.